

## Móttaka nýrra nemenda og nýbúa

Skólinn leggur áherslu á að þeir nemendur sem koma nýir að hausti í skólann eða eftir að skólastarf hefst að haustinu fái góðar móttökur og að þeir falli sem fyrst inn í hópinn og finni sig velkomna.

Móttakan er skipulögð með eftirfarandi hætti:

- Umsjónarkennari skal bjóða nýjum nemendum í heimsókn í skólann með foreldrum/forráðamanni á umsömdum tíma. Ef viðkomandi tala ekki íslensku geta þeir eða kennari óskað eftir túlki.
- Í þessari fyrstu heimsókn hittir nemandinn umsjónarkennara sinn, skólaritara, námsráðgjafa, stjórnendur og aðra starfsmenn skólans.
- Umsjónarkennari sýnir honum bekkjarstofu og skólann.
- Nemandi og forráðamenn fá stundaskrá og námsgögn og upplýsingar um heimasíðu skólans þar sem hægt er að nálgast skóladagatal og bekkjarnámskrá.
- Ef um nýbúa er að ræða sem ekki skilur íslensku skal leitað til deildarstjóra sérkennslu sem ásamt umsjónarkennara setur upp stundatöflu fyrir nemandann, skipuleggur íslenskukennslu og önnur sérúrræði.
- Þegar nemandi mætir svo í sína bekkjardeild hefur umsjónarkennari undirbúið bekkinn. Góð hugmynd er að velja „leiðsögumenn“ til stuðnings nýnemanum. (sjá nánar í móttökuáætlun Ísafjarðarbæjar)